



Gert 29 maí 2015

## Bítlarnir vinsælli en Kristur

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.

Texti er eftir höfund, nema þar sem annað er tilgreint.

Ljósmyndir eru ekki eign höfundar önnur en hún af honum.

Vikan 31 júlí 1969. Mynd til hægri. " John syngur „Hey Jude" á plötu. Hann söng það fyrir Yoko. "

Margt er sem maðurinn, allir menn, þurfa að varast. Ógætilega sögð orð fá vegið þungt inn í daginn sem snertir við stórum hópi fólks og fá gert með óþyrmilegum hætti. Svona er sagan líka skráð og er auðvitað sín lexía að læra af og þarflegt fólki að vita um. Þó þetta gildi fyrir alla á þetta samt meira við um fólk sem einhverra hluta vegna verður þekkt. Þekktur merkir að fleiri heyri orðins sem eru sögð og þekktur lætur hafa eftir sér. Hver sem skoðun manna á þessu er kastar engin svona fullyrðingu frá sér með neinum einföldum hætti né heldur fær horft framhjá. Frægur og þekktur einstaklingur dregur að og umfram hann og hana sem fáir vita af. Ekki er svo að skilja að einhver sé óþekktur. Allir eiga sitt nánasta umhverfi og sinn vinahóp. En samt. Þarna er nokkur munur á sem engin fær horft framhjá né afgreitt út af borðinu. Orðgætni á auðvitað við um allt fólk. Engin er undaþeginn því að sýna varfærni í orðum né að hafa þá hugsun að aðgát skuli höfð í nærveru sálar. Svona talar lífið við okkur mennina. Allt fólk á sinn rétt á að hljóta sanngjarna umfjöllun hvort sem er á opinberum vettvangi eða í vinahópnum og saumaklúbbnum. Líka fræga fólkið.



En munum hér að orð frá frægu fólki, séu þau ógætilega sögð, vega talsvert þyngra í umræðunni og fljúga hærra þar heldur en orð annarra manna og kvenna. Ekki endilega neitt sérlega sanngjarnt en er samt svona. Lífið er ekki alltaf sanngjarnt. Það mætir öllu fólki og gerir á köflum hryssingslega. Þetta vitum við og sum okkar þekkjum af reynslunni.

Þó sumt sem frægðin segi og geri sé í grunninn ekki til að æsa sig útaf og ekki sérlega alvarlegs eðlis er það samt svo að bara fólkið sem talaði þessi orð út gerði að verkum að milljónatugir heyrðu orðin og sumt sem heyrði líka misskildi. Hróp og köll komu á eftir og hlupu fyrst um garð fjölmiðlanna sem vísaði þeim frá sér og beina leið út til fjöldans sem vaknaði og sá sig tilknúin að hrópa með orðum fjölmiðlanna án þess kannski að skoða málið niður í kjölinn. Sem reyndar er sjaldnast gert og allra síst í miðjum og mestum hita leiks þar sem allt er að gerast í. Orðin voru töluð út af fólki sem kastljósinu var beint að og pressan greip fegins hendi og skutlaði svo í blöðin þar sem andstæðingarnir, segjum það, gripu allt glóðvolgt og blésu til sóknar gegn.... Og svo framvegis. Allt þekkt.

Annað er líka sem hér mætti nefna og það er hversu afskaplega auðvelt það sé að fara með alla svona umræðu sem skapast af umsögn frægðarinnar út í orð eins og "Hroki. Ofmetnaður. Hvað þykjast þeir vera? Hvað halda þeir að þeir séu?" - og aðra álíka sálma sem hægt er að nota af því einu að sumir trúðu þessu að mennirnir sem töluðu þessi orð væru ofmetnaðar fullt fólk vegna eigin velgengni sem knúði dyra hjá því og af öllum þessum viðurkenningum og aðdáun sem um þessa ungu Bresku menn lék á þessum tíma og gerir sumpart enn í dag (2015) og er bara partur af allri þessari frægð sem menn þessir upplifðu og í raun réð engu um og söguðust af þeim sökum inn í hringrás sem komin var af stað á þessum árum. Þegar uppi er álíka ástand og þetta að þá er svo stutt í að dómharkan sé sótt og hún notuð eins og svipa á frægðina. Til þess líklega að lækka í henni rostann.

Vandinn með dómhörkuna er hversu lélegur pappír og dómari hún er og ófús að leita sér haldgóðra upplýsinga um mál til að sjá með eigin augum hvernig það liggir. Þetta gerir ekki dómharkan og hefur aldrei gert. Enda bara tilfinning augnabliksins sem nær tökum á fólki. Verði svo frægðinni eitthvað á í messunni, eins og alltaf getur gerst og líka gerist margoft, kemur dómharkan í sínu lélegasta ásigkomulagi fram og byrjar að dæma alla sína arfa röngu dóma af því einu að augnablikið sem dæmt er út frá segir fólki svo fátt. Hér sést ágætlega hin hliðin á frægðinni sem allir frægir reka sig á einhvertímann á sínum frægðarferli og svo margir vilja höndla og fá án þess í öllum tilvikum að sjá allt til enda.



Vikan 31 júlí 1969 "Nýleg mynd af Bítlunum." - segir í texta undir myndinni. Flott mynd.

Með öðrum orðum að þá leyfist frægðinni ekki allt sem öðrum leyfist af því einu að vera fræg með augu margra á sér sem fylgdist með hverri hreyfingu.

Hvernig sem horft er á þennan vettvang, frægðina, skulu menn hafa í huga að þeir sem eldri voru, auðvitað stór hópur þar Vestra, litu ekki allir á þessa menn sem frábæra fyrirmynd ungu

kynslóðinni sem, það er unga fólkið, var hinum eldri og ráðsettari ekki sammála lengi vel en virðist þó hafa breyst í hugsun að minnta kosti tímabundið, munum það, við þessi orð Bítilsins John Lennons og orsakaði að eftir hvatningu útvarpstöðva, og fleiri úr fjölmiðlunum, Bandarísku ofbeldissamtökin Ku Klux Klan var eitt aflið þar Vestra sem stóð að þessu, sem eggjaði unga fólkið á að taka fram allar Bítlaplötturnar í sinni eigu, bera þær út úr húsi heima hjá sér og setja í köst á götum úti og bera að eld til að mótmæla þessum orðum að Bítlarnir væru vinsælli en Kristur, sem þó var ekki neitt til að hneykslast á þegar allt kom til alls og málið vel skoðað. En líkt og oft áður að þá var þetta heldur ekki gert í þessu tilviki og málið allt keyrt í gegn á tilfinningunum sem uppi voru eftir orð Lennons og þau á eftir notuð gegn meðlimum hljómsveitarinnar The Beatles í landinu sem þeir þá voru gestir í og beðnir um að halda þar nokkra tónleika, eins og gerst hafði í þrjú skipti á undan. Að vera vinsælli en einhver annar er ekki sama og að fara fram á að fólki tilbiðji sig og falli fram fyrir sér né heldur að þessir menn hafi sagst vera yfir aðra menn hafnir. Engin slík orð voru sögð við

Þetta tækifæri og Lennon áréttaði á blaðamannafundinum þar sem hann aðspurður gaf sitt svar sem var eitthvað á þá leið að hann teldi þá hvorki betri eða meiri en Kristur heldur að Bítlarnir hefðu meira gildi fyrir krakkanna á akkúrat þessu andartaki en kannski Kristur, og er sannleikur málsins og svona var þetta í því andartaki sem orðin eru töluð út. Hvað sem mönnum öndvert kanna að finnast um slíka umsögn. Lennon tók og fram að ummæli sín hefðu öll verið slitin úr samhengi af fjölmiðlunum og ætti meira við um Bretland heldur en Bandaríkin. Muni höfundur rétt voru þessi orð, allavega til að byrja með, sögð meðal Breskra án þess að vekja minnstu viðbrögð í því landi. Hvort Lennon endurtók þessi orð aftur þarna út í Bandaríkjunum þekkir höfundur ekki en heldur að svo hafi ekki verið. Eitt er samt ljóst að þau höfðu hvíssast út og opinberuðust Bítlunum er þeir mættu og allt skeði sem skeði og frægt er orðið í sögunni. Frægðin hefur sín áhrif. Þessu er ekki hægt að neita. Frægðin krefur frægan um að sína visku í umgengi til að mynda við fjölmiðla sem fús eru að birta eitt og annað sem frá henni berst og nota á síðum blaða sinna sem óbreyttur þarf lítt og ekki að huga að hjá sér. Eitt sinn var haft eftir George Harrisyni að hann væri því fegnastur eftir sinn blaðalestur og sæi að engin væri að skrifa neitt um sig í blaðinu í dag. Þetta sagði hann löngu eftir að Bítlarnir voru hættu að starfa saman og segir okkur svolítið um ánauð frægðarinnar.

Af viðbrögðum pressu og sumra áhrifamanna þar Vestra við ummælum Johns um að Bítlarnir væru vinsælli en Kristur gefur vísbendingar um að ýmislegt hefur kraumað undir niðri vestur í Bandaríkjunum gagnvart The Beatles og áhrifunum sem hljómsveitin hafði á ungt fólk víða um heiminn. Á vissan hátt má segja að nokkur undiralda hafi verið í samfélaginu og ofrisið við ummæli Lennons og skolið yfir The Beatles strax, eða fljótlega, eftir að flugvélin er lent í líklega Chicago. Þar alltént fór fram blaðmannfundur sem þetta sérstaka mál fékk umfjöllun. Einnig er svo að sjá að undiralda þessi hafi einungis þurft réttar aðstæður til að vaxa og svo ofríska og að öll skilyrði fyrir hana komið með orðum John Lennon með sínum harkalegu afleiðingum. En þó bara um tíma. Munum það og er merkileg hugsun sem segir heilmargt um stöðu piltanna þar Vestra þrátt fyrir....

Bandaríkjamenn tóku meðlimi The Beatlest fljótt aftur í sátt og plöturnar seldust áfram í stórum upplögum líkt og verið hafði þrátt fyrir tölverða brennu sem höfundur veit reyndar ekki hve viðtæk var né í hve mörgum Bandarískum borgum brenna þessi var iðkuð í. Allavega var þarna nokkur hiti og allskonar tilfinningaleg hróp á götum úti og áletruð mótmælaspjöld að ljóst er að skipulagningin hefur verið einhver vegna ummælanna. En samt. Allt hjaðnaði þetta furðu fljótt og dó út. Sem líka er áhugavert. Og þó ekki. Þeir voru jú The Beatles og árið er 1966 og þeir hljómsveitin sem framleiddi eintóm gæði sem eiga sér engan líka og menn viðurkenna og hafa margoft gert frá þessum tíma.

Árið 1966, en það er árið sem allt þetta gerðist á, var Bítlaæðið í hæstu hæðum og erfitt að spyrna lengi við fæti væri maður sjálfur á þeim aldri að aðhyllast þessa bylgju og vera eitt Bítlaóða ungmennið og hugsandi um það eitt að vera með á toppi merkilegrar bylgju sem menn rifja enn í dag upp með sér sjálfum og gera í gleði einni saman.

Orð Lennons um að Bítlarnir væru vinsælli en Kristur eru hluti Bítlasögunnar sem menn enn muna og lifa með fólki bæði því sem upplifði á eigin skinni Bítlaæðið sjálft sem og mörgum hinum sem fæddust eftir að Bítlatímanum lauk með tilkynningu Sir Paul McCartney sem tilkynnti heiminum að The Beatles væri hætt starfsemi og gerðist árið 1970.



Spurning sem eftir stendur er hvort Lennon hafi ekki bara mátt segja sín orð sem á þessum tíma voru hvort eð er hreinn og tær sannleikur og máski tært hvatningahróp til kirkjunnar manna um að taka sér taki og sækja út á völinn í formi boðunnar. Sem vitaskuld var fyrir hendi í löndunum en kannski ekki í ranni allra safnaða. Eins og gengur.

Vikan 31 júlí 1969. Mynd til hægri. Brian Epstein á tali við tvo af Bítlunum, Paul McCartney og George Harrison. Eina ánægja Brians í lífinu var að vera með Bítlunum og vinna fyrir þá. Brian Epstein, umboðsmaður Bítlanna, lést 27 ágúst 1967.



Hvernig sem við lítum á að þá er sannleikurinn sá að hringrásin sem kom utan um orð Lenbons undirstrika mátt orðanna sjálfra töluð af munni frægðarinnar af ástæðu að margt fólk geldur varhug við henni og finnst ekki mikið til koma það sem hún oft á tíðum segir. Mennt og konur fylgjast oft á tíðum grannt með hvernig frægðin segir sín orð. Og það vegur þessi orð með öðrum hætti en væri hjá óbreyttum sem engin veit hvert sé nema nánir ættingjar og vinir. Og orð frægðarinnar bera í sér sjálfum meiri þunga og gera að verkum að viðbrögð öll geta orðið hávæðari, óvægnari og líka harðari undir tönn. Framhjá þessu verður ekki horft að þetta fólk hafi annarskonar áhrif á okkur en margir aðrir fá gert. Bara stöðu sinnar vegna gerist það þó það sem í grunninn ekki alvarlegs eðlis né merkileg ummæli í sjálfu sér né þessleg að ættu að hreyfa mikið við fólki en gerðist í þessu sérstaka tilfelli af þeirri ástæðu að Kristur var nefndur í sömu andrá. Kristsnafnið var aflið sem olli allri ólgunni í viðkvæmum hjörtum sem fannst að sér vegið og brást ókvæða við sem tímenn sinn tók að sjatna en góðu heilli gerðist eftir stórmannlega afsökunarbeiðni frá John Lennon sem með henni sýnir af sér mikla karlmennsku og sannan drengskap, sem höfundur trúir að hafi búið í honum.

Tímenn 17 ágúst 1966. " Hér sjáum við bítlana og er myndin tekin á blaðamannafundi, sem haldinn var í Chicago í síðustu viku og reyndu bítlarnir að færa þar fram afsökun vegna hinna frægu ummæla Johns Lenbons, að bítlarnir séu vinsælli en Kristur, og bar John fram afsökun og sagði, að hann hefði aldrei ætlað að vera andkristinn í ummælum sínum. " (Athyglisverð mynd. Innskot höfundar)



Tímenn leiðir margt fram og skoði menn sum ummællanna sem sögð voru í fyrndinni og fræg urðu og ákveði að vinna efnið með sanngjörnum hætti þá komast þeir oft að þeirri niðurstöðu að engin alvöru efni voru til fyrir einu og öðru upphlaupinu sem varð og gildi um áðurnefnd ummæli Lenbons eða háværra mótmællanna í kjölfarið og allra

hljómplötubrennanna sem fram fóru á götunum þó vel megi fallast á að það sem sagt var hafi verið afskaplega óheppilegt vegna viðkvæmni málsins og hve Kristur er mörgu fólki hjartnæmur sem afsökunarbeiðnin John í raun hrinti um koll og gerði hann mann að meiru fyrir vikið og er ekki spurning að var. Aðeins stórmenni biðjast afsökunar, jafnvel þó þess gerist ekki þörf en gera til að koma á ró og halda friðinn. Og hún er nokkurs virði. Ekki satt?



Morgunblaðið 10 september 1967. Mynd til vinstri. Brian Epstein, umboðsmaður Bítlanna frá upphafi Bítlaæðisins til dánardags 27 ágúst 1967.

Öðru atriði má einnig velja fyrir sér í þessu samhengi sem og þeir taka undir með höfundu sem þekkja til málsins að sannleikurinn er sá einn að Kristur er ekki og hefur aldrei verið í neinni vinsældarkeppni við einn né neinn mann og lætur sér allt svoleiðis í léttu rúmi liggja hvoru megin þeirrar línu hann sé á hjá mönnum. Segir enda um hann eitthvað á þá leið að hann meti smán einskis og líka á öðrum staða að hann þurfi ekki heiður nokkurs manns. Veit hann enda vel hver hann sé og til hvers hann kom til jarðarinnar, eins og við sem trúum vitum að er rétt.

Stórlega má efast um að ummæli John Lennons hafi raskað ró Krists neitt þó líklegt sé að Kristur mundi taka undir þær fullyrðingar sumra okkar að svona orð hafi verið í fljótfærni sögð og því óheppileg. Einmitt vegna viðbragða fólksins og fjöldans vegna áhrifanna sem meðlimir The Beatles höfðu á þessum tímamarki og tók þau óstinnt upp af einskærri tilfinningasemi sem fólk lætur svo oft stjórnast af sem og engin heldur sleppur alfarið við. Allt vel þekkt.

Kristur vill að menn hagi máli sínu með þeim hætti að til óláta og ólgi þurfi ekki að koma. Þó ekki sín vegna einvörðungu heldur miklu fremur þeirra sjálfra vegna og er ástæðan fyrir að frægðin er á öðrum stað í mannlífsflórunni en venjulegt fólk, átt við almenning, öll erum við auðvitað venjulegt fólk, glímur ekki við í sínu lífi. Frægðin teygir sig talsvert lengra inn í sjálft líf fólks en óbreyttur fær gert. Kastljósið sér um að fylgst er með þessu fólki sem ég og þú þurfum ekki að hafa af áhyggjur. Föllum við enda flest í fjöldann og hverfum þar. Þetta getur frægðin ekki gert af þeirri einu ástæðu að frægðin er fræg og um heimsfrægan vita fjölmiðlarnir og hafa tilhneigingu til að beina kastljósi sínu í þessa átt. Það atriði eitt og sér getur breytt öllu fyrir marga. Og svona er í stakkinn þann búið.

En svona nokkuð fær gerst þegar menn sem heimsljósið er kastað á gera sér ekki enn að fullu grein fyrir eigin áhrifamætti út í samfélaginu. Orð frá frægðinni vega einfaldlega þyngra manna á meðal en orð óbreytts Konna fá gert sem engin veit af og situr bara heima hjá sér eða gerir eitt og annað með vinum sínum sem engin veit um nema þessi litli þröngi hópur í kringum hann sem sér verkin og heyrir orðin og er þátttakandi í með honum og hann með þeim. Hópurinn sá arna einn veit hvað þar fer fram og engin annar. Og segi engin neitt er þetta bara þeirra einna á milli. Svona er líf hins almenna og venjulega Konna að það er í þessum farvegi. Og árið 1966, er þessi atburður sem hér er tíundaður, gerdist er ekki ólíklegt að höfundur hafi enn leikið sér með heimsmíðaða bátinn sinn í fjörunni fyrir neðan Sundhöll Hafnarfjarðar eins og hafnfirskra stráka var siður að gera og engin vissi um nema þú sem þessar línur lest. Ekki er heldur ólíklegt að óbreyttur Konni hafi eftir að heim kom kveikt á útvarpinu sem gjarnan stóð í eldhúsglugganum heima í von um að heyra uppáhalds Bítlagið sitt óma í tækinu, sem hann reyndar mann ekki hvert var. En það var. Svo mikið er víst.



Vikan 31 júlí 1969. " Bítlumum gekk erfiðlega að fá fyrstu plötuna sína gefna út. Hvert útgáfufyrirtækið á fætur öðru hafnaði þeim. Nú eru þeir hættir að koma fram opinberlega og syngja eingöngu inn á plötur, og notfæra sér tæknina við það út í ystu æsar. Hér eru John, Paul og George við plötuupptöku. "

Ekkert af þessu breytir þó staðreyndinni að nútímamaðurinn (2015) lifi sumpart merkilega tíma og að mögulegt sé fyrir óbreyttan að láta orð sín óma út um allan heim með því að beina þeim inn á þann veg sem gerir þetta kleyft og hann lærir að nota hjálpartækin sem til staðar eru og voru sumpart kominn árið 1966 þó í skötulíki væru miðað við allt sem þekktist í dag þar sem allar fjarlægðir hafa verið afnumdar og jafn einfalt mál að hafa samband við einstakling í næstu íbúð og manneskju út í Ástralíu og álfunni hinum megin hnattar. Fyrir þetta þrætir engin af því einu að vera með einum og öðrum hætti þátttakandi.

Strangt til tekið að þá verða allir menn í dag að gæta orða sinna í návist fólks því aldrei er að vita hvað af þeim rati inn á Netið og geri jafnvel áður en viðkomandi er kominn til síns heima.

Slíkur er hraðinná öllu í dag. Farsímarnir sem menn nota gerir þeim kleyft að taka upp hvort sem er hljóð eða mynd og skella á Netið á næstu andrá. Og línur Internetsins liggja um mest allan heiminn. Þó ekki allan enn sem komið er. Svona er raunveruleiki nútímans. Nútímamaðurinn ræður engu um hraðan og er bara tilneyddur til að fylgist með eða sitja eftir. Og hver af okkur er ekki að einhverju leiti þátttakandi sem á annað borð hefur Internet aðgang? Örfáir hafna þessu og neita að nota tæknina. Þeim fer þó sífelld fækkandi.



Vikan 31 júlí 1969. Myndin til vinstri. " Yoko og John í Gíbraltar eftir hjónavígsluna. Þau halda á sönnunargagninu.

1966 er þessi bylgja kominn nokkuð af stað þó mönnum dagsins finnist sjálfsagt að hægt hafi farið í þann tíð og hlægi að seinaganginum á þessu þá og nýjustu fréttir væru fréttir gærdagsins sem menn núsins fá að vita um og sumpart áður en þær gerast. Líkt og stundum er. Virðist manni alltént á köflum. Enda ekki alveg óþekkt að menn skelli í sig heilum kassa af bjór og byrji svo að blogga.

Svona er þetta að aðstæður manna breytast og hjá sumum afskaplega hratt.

Þeir umskapast úr því að vera óþekktir einstaklingar spilandi í bílskúrsbandi yfir í að vera hljómsveit sem kveður að og nær athygli tug milljóna manna og á allra vörum og með myndir af sér sjálfum í öllum blöðum og tímaritum sem gefin eru út í öllum heiminum sem nýtur þess að gleypa allt í sig sem frá þessum mönnum kemur og allt gerist á leifturhraða og á einni



nóttu. Og herbergi áhangenda hljómsveitarinnar búnir að betrekkja herbergisvegg hjá sér ljósmyndum. Segi svo að frægðin hafi ekki áhrif umfram venjulegan óbreyttan Konna.



Vikan 31 júlí 1969. Mynd til vinstri. " Paul McCartney og kona hans, Linda, eru hin lukkulegustu þessa dagana. Þau eiga von á erfingja. "

Vikan 31 júlí 1969. Mynd til hægri. " Bítlarnir þinga um málefni Apple. Mary Hopkin og Yoko lengst til vinstri. "



Vikan 31 júlí 1969. Mynd til vinstri. Ringó unir hag sínum hið besta í kvikmyndabransanum. Hér sjáum við hann í einu atriði myndarinnar „The Magic Christian"

Sett inn til gamans og vonandi einnig smá fróðleiks.  
Kveðja KRF.  
29 maí 2015